

og einnig með vísan til greinargerðar bæjarverkfræðings Kópavogs dags. 31. janúar 1991 þá lýsir undirritaður yfir eftirfarandi:

Að því er varðar mörk þau, sem staðfest eru í téðu landamerkjabréfi frá sýslusteini austan Lyklafells í Vífilfell, þá eru þau samþykkt af hálfu Kópavogskaupstaðar. Jafnframt er mótmælt kröfum um lögsögu og/eða eignarrétt Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar svo og lögsögu Seltjarnarneskaupstaðar á landi því, sem liggur vestan við mörk þessi.

Kópavogi, 6. mars 1991.

Sigurður Geirdal,
bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um stofnun Einkaleyfastofu til að sjá um framkvæmd laga er varða hugverkaréttindi á sviði iðnaðar (einkaleyfi, vörumerki o.fl.).

Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að fela sérstakri stofnun á vegum ráðuneytisins að sjá um framkvæmd laga og alþjóðasamninga er varða hugverkaréttindi á sviði iðnaðar. Stofnunin tekur við hlutverki einkaleyfa- og vörumerkjadeildar ráðuneytisins. Skipan þessi og verksvið stofnunarinnar er ákveðið samkvæmt heimild í 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 69. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi og 12. og 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984.

Stofnunin nefnist Einkaleyfastofan og hefur aðsetur í Reykjavík.
Ofangreind skipan kemur til framkvæmda hinn 1. júlí 1991.

Iðnaðarráðuneytið 24. apríl 1991.

F.h.r.
Björn Friðfinnsson.

Rán Tryggvadóttir.

REGLUGERÐ

um Einkaleyfastofu.

1. gr.

Einkaleyfastofan er ríkisstofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Vernd þeirra réttinda er stofnunin fjallar um tekur til íslenskrar lögsögu. Stofnunin hefur aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk Einkaleyfastofu er einkum:

- 1) að fara með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.